1863. 11. júlím. **57. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um útsvar Guðrúnar Einarsdóttur í Reykjavík.**

Með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, dags. 10. desemberm. f. á., hafið þèr sent dómsmálastjórninni umkvörtun frá Skapta dannebrogsmanni Skaptasyni í Reykjavík yfir því, að bæjarstjórnin þar í kaupstaðnum hafi með úrskurði sínum 4. júlím. f. á., er amtið staðfesti 7. októberm. s. á., gjört ekkjunni Guðrúnu Einarsdóttur, tengdamóður hans, að greiða í útsvar til bæjarsjóðsins 1 rd. 48 skild. fyrir árið 1862, en hún sè til heimilis hjá honum og hafi afsalað honum allar eigur sínar.

Um þetta efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess þèr auglýsið það Skapta dannebrogsmanni Skaptasyni, að eptir skýrslum þeim, sem fram eru komnar í málinu, þykir dómsmálastjórninni eigi vera ástæða til að breyta ofangreindum úrskurði bæjarstjórnarinnar, sem amtið hefir staðfest.

---

13. júlím. **58. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um þóknun handa hafnsögumönnum í Reykjavík.**

Með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, dags. 21. maím. þ. á., hefir stjórnarráðið meðtekið álitsskjal frá hafnarnefndinni í Reykjavík, sem beðið var um í brèfi hèðan d. 30. janúarm. þ. á., viðvíkjandi uppástungu nokkurri frá bæjarstjórninni í kaupstað þessum um, að verja skuli úr hafnarsjóði bæjarins allt að 100 eður 150 rd. á ári til þóknunar handa hafnsögumönnum í Reykjavík, þangaðtil búið sè að koma því skipulagi á um hafnsögu þar, að tillag þetta mætti hætta. Í þessu efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þèr auglýsið það, að stjórnarráðið fellst á uppástungu hafnarnefndarinnar, en hún lýtur að því, að fyrst um sinn í 3 ár frá 1. janúarm. 1863 skuli greidd úr hafnarsjóði Reykjavíkur 100 ríkisdala þóknun á ári til þeirra tveggja hafnsögumanna, sem nú eru skipaðir í kaupstað þessum, eður 50 ríkisdalir til hvers þeirra.